

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Jónatan kaupmaður Þorsteinsson greiði stefnda Sigurði Guðmundssyni fyrir hönd Thorefélagsins í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 4/1909:

Réttvísinn

gegn

Hinriki Árnasyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 28. nóvembermán. f. á., var hinn ákærði, Hinrik Árnason, trésmiður á Sauðárkrók, dæmdur fyrir brot gegn 249. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að greiða 20 kr. sekt í landssjóð eða sæta 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi yrði greidd í tæka tíð; svo var hann og dæmdur til að greiða allan sakarkostnaðinn í héraði, þar á meðal málsóknarlaun 4 kr. til hins skipaða verjanda fyrir aukaréttinum, hreppsnefndarmanns Jónasar Sveinssonar. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirréttarins af hálfu valdsstjórnarinnar.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað, að hann hafi um mið-

jan septembermánuð f. á. snemma morguns gengið ofan í fjöru á Sauðárkrók, og ætlaði hann þá að róa á sjó; kom hann þá auga á planka þar í fjörunni, og hugkvæmdist að taka plankann, enda gjörði hann það samtundis, bar plankann heim til sín og lét hann upp á þakið á hjalli sínum, þar sem hann átti nokkur borð liggjandi. Ákærði segist eigi hafa vitað, hver átti plankann, en hann var eign Jóns bónda Jónssonar á Hafsteinsstöðum og var merktur honum fullum stöfum með blákrít eða timburblýanti, en því kveðst ákærði eigi hafa veitt eftirtekt; ákærði segist hafa tekið plankann í einhverju hugsunarleysi, en hefir þó eigi viljað neita því, að hann hafi ætlað að hagnýta sér hann, enda bar hann eigi við að lýsa plankanum og eigi talaði hann við nokkurn mann um tökuna á honum. Plankinn lá síðan um vikutíma uppi á hjalli ákærða, unz hreppstjórinn sá hann þar og gjörði eigandanum aðvart um hann; fóru þeir hreppstjórinn, eigandi plankans og ákærði þá þangað er plankinn var, og kannaðist þá ákærði við að plankinn væri eign Jóns á Hafsteinsstöðum, og skilaði honum orðalaust. Plankinn hefir verið virtur á 2 krónur.

Eftir öllum atvikum þykir eigi vera vafi á því, að ákærði hafi tekið margnefndan planku til þess að kasta eign sinni á hann, en hins vegar virðist mega líta svo á, að plankinn hafi eigi verið í vörzlum eða eignarhaldi neins manns, þar er hann lá einn sér niðri í fjöru, jafnvel þótt allskamt þar frá, fyrir ofan fjöruna, hafi verið geymdur annar sams konar viður, tilheyrandi sama manni.

Það verður því að fallast á það, að héraðsdómarinn hefir heimfært þetta brot hins ákærða, sem kominn er

yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður sætt refsingu fyrir neinn glæp, undir 249. gr. almennra hegningarlaga, en refsingin fyrir það þykir hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Með því að málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast, ber að staðfesta nefndan dóm með greindri breytingu á refsingarákvæðinu. Ákærði verður og eftir þessum úrslitum að greiða allan áfryjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra. — Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að refsing ákærða sé 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákærði Hinrik Árnason greiði og allan áfryjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálfærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.